

Stefnandi hefur lögveðrétt í tryggingarfé m/s Helga Ve. 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 7. nóvember 1952.

Nr. 85/1951. Helgi Benediktsson (Sigurður Ólason)
 gegn
Önnu S. Þorsteinsdóttur f. h.
dánarbús Hálfðáns B. Brynjólfssonar
 (Enginn).

Birting stefnu til héraðsdóms. Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar í héraði. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Sæmundur Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1951, krefst þess, að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi lét sækja þing, er málið var þingfest í Hæstarétti, og var málinu þá að ósk aðilja frestað. Er málið var síðar tekið til meðferðar, kom enginn fyrir dóm af hálfu stefnda. Málið hefur því verið flutt skriflega og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum, sbr. 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935.

Eftirriti því af héraðsstefnu, er stefnuvottar afhentu áfrýjanda og lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er áfátt m. a. að því leyti, að þingfestingardags er þar eigi getið, en af þessum sökum kveðst áfrýjandi ekki hafa sótt þing í héraði. Að svo vöxnu máli og þar sem umrætt eftirrit fullnægir ekki ákvæðum 3. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936 ber að taka til greina kröfur áfrýjanda um ómerkingu og frávísun svo og málskostnað hér fyrir dómi, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Anna S. Þorsteinsdóttir f. h. dánarbús Hálf-dánar B. Brynjólfssonar, greiði áfrýjanda, Helga Benediktssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 28. maí 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 24. þ. m. og endurupptekið í dag og að nýju lagt í dóm, er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja samkvæmt heimild í 200. gr. einkamálalaganna af Önnu S. Þorsteinsdóttur, Vestmannaeyjum, f. h. dánarbús Hálf-dánar B. Brynjólfssonar með stefnu, útgefinni 21. þ. m., birtri s. d., á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Heiðaveg 20, Vestmannaeyjum, til greiðslu eignatjónsbóta samkvæmt reglum nr. 13/1945, að upphæð kr. 4800.00, ásamt 6% árs-vöxtum frá 7. janúar 1950 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Svo krefst stefnandi þess, að sér verði tildæmdur lögveðréttur í váttryggingarfé m/s Helga, eign stefnda, fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Stefndi hefur ekki mætt né látið mæta, og hefur honum þó verið lög-lega stefnt. Málið verður því dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum í samræmi við fyrirmæli 118. gr. einkamálalaganna.

Stefnandi gerir eftirfarandi grein fyrir kröfum sínum:

Eiginmaður hennar, Hálf-dán B. Brynjólfsson, var skipstjóri á m/s Helga, eign stefnda, en skip þetta fórst og hann með því 7. janúar 1950 við Faxasker í Vestmannaeyjum. Glötuðust þá allar eigur Hálf-dánar heitins, er hann hafði með sér í skipinu. Kveður stefnandi, að samkvæmt reglum nr. 13 frá 30. janúar 1945, sem settar eru samkvæmt heimild í 41. gr. sjómannalaga nr. 41/1930, beri stefnda sem eiganda og útgerðarmanni m/s Helga að greiða dánarbúi Hálf-dánar heitins fébætur fyrir eignir hans, er fórust við fyrrgreint sjóslys. M/s Helgi var 114.75 rúmlestir brúttó, en 60.34 rúmlestir nettó, og nemi því bæturnar kr. 1600.00, að viðbætti verð-lagsuppbót samkvæmt 2. sbr. 4. gr. nefndra reglna. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands hafi kauplagsvísitalan numið 300 í janúar 1950. Nemi því heildarupphæð bótanna kr. 4800.00 og fylgi þeim lögveðréttur í váttryggingarfé skips samkvæmt 1. gr. laga nr. 30 frá 1. febr. 1936.

Alkunnugt má telja, að m/s Helgi Ve. 333 fórst með allri áhöfn hinn 7. janúar 1950. Stærð skipsins var 114.75 rúmlestir brúttó, en 60.34 nettó. Kauplagsvísitalan nam 300, er skipið fórst. Samkvæmt þessu er ljóst, að dánarbúi Hálf-dánar B. Brynjólfssonar, er fórst með skipinu, á samkvæmt ofangreindum ákvæðum rétt til þeirrar upphæðar úr hendi stefnda, sem

krafizt er í máli þessu. Ber því að taka kröfur stefnanda til greina og ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnandanum kr. 750.00 í málskostnað.

Stefnandi hefur lögveðrétt í tryggingarfé m/s Helga Ve. 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnandanum, Önnu S. Þorsteinsdóttur f. h. dánarbús Hálfðánar B. Brynjólfssonar, kr. 4800.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1950 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Stefnandi hefur lögveðrétt í tryggingarfé m/s Helga Ve. 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 7. nóvember 1952.

Nr. 86/1951. **Helgi Benediktsson** (Sigurður Ólason)
gegn

Huldu Hallgrímsdóttur f. h.
dánarbús Gústafs Runólfssonar (Enginn).

Birting stefnu til héraðsdóms. Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar í héraði. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Sæmundur Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1951, krefst þess, að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi lét sækja þing, er málið var þingfest í Hæstarétti, og var málinu þá að ósk aðilja frestað. Er málið var síðar